

Sent í umsagnagátt Alþingis
Reykjavík, 28. mars 2024

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v.t. Teitur Björn Einarsson, formaður

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðar-
öryggis og allsherjarreglu, 726. mál – 154. löggjafarþing 2023-2024.**

Landbúnaður er undirstöðu atvinnugrein á Íslandi sem tryggir um 12.000 störf og byggðafestu í landinu og er grundvöllur fæðu- og matvælaöryggis þjóðarinnar. Forsenda þess að stunduð sé landbúnaðarframleiðsla hérlendis er að til staðar sé landbúnaðarland, sem er verðmæt auðlind á Íslandi og mikilvægur innviður sem er jafnframt verndað, sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Það er álit samtakanna að frumvarp þetta nái ekki tilskildum markmiðum þar sem þröskuldur tilkynningarskylda vegna eignarráða erlendra aðila yfir fasteign sé langtum hærrí en eðlilegt getur talist.

Í svari þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi á 150. löggjafarþingi, þingskjal 1150 – 522. mál, er að finna samantekt um ræktarland á Íslandi. Í þeirri samantekt kemur fram að gróið land á Íslandi sé um 23.800 km² en þar af séu aðeins um 6.000 km² gott ræktunarland og einungis um fjórðungur þess ræktaður eða um 1.500 km². Út frá þessum tölum má sjá að kaup og yfirráð yfir 10.000 hekturum, þ.e. 100 km², lands gæti þýtt 6,6% af öllu ræktuðu landi á Íslandi.

Þá þarf við mat á eignarhaldi á landi að horfa sérstaklega til landbúnaðarlands enda slíkt land forsenda bæði búfjárræktar og akuryrkju. Jafnframt eru yfirráð yfir landi og vatni einnig grundvallar forsenda margra annarra þátta í landbúnaði auk þess að tengjast orkuöryggi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir um stærðarviðmið eignarráða yfir landi: *Viðmið ákvæðisins varðandi landstærð er 10.000 hektarar og tekur mið af 10. gr. a jarðalaga, nr. 81/2004, sem reisir skorður við samþjöppun eignarhalds á jörðum. Frumvarpsákvæðið myndi gilda samhliða nefndu ákvæði jarðalaga af gildissvið þeirra sköruðust.*

Í tilvísari 10. gr. a jarðalaga er að finna viðmið sem eru langtum lægri eða eftir atvikum 50 hektarar eða 1.500 hektarar. Í greinargerðinni er minnst á að frumvarpsákvæðið og ákvæði jarðalaga gildi samhliða. Erfitt er að átta sig á hvað er átt við þarna þar sem ljóst megi vera að sé 10.000 hektara viðmið í þeim lögum sem hér eru til umsagnar að þá verði að telja ólíklegt að ráðherra myndi grípa til ráðstafana á grundvelli framangreindra viðmiða í jarðalögum.

Telja samtökin því mikilvægt að frumvarp það sem hér er til umræðu taki mið af ákvæðum jarðalaga og í stað 10.000 hektara viðmiðs í 7. gr. frumvarpsins komi ákvæði sambærileg við 10. gr. a jarðalaga.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur